



ÁRSSKÝRSLA 2020

Árskýrsla Skátasambands Reykjavíkur

Ábyrgðarmaður: Jón Andri Helgason

Hönnun og umbrot:

Inga Auðbjörg K. Straumland

Ljósmyndir:

Nanna Guðrún Bjarnadóttir

Inga Auðbjörg K. Straumland

Jón Andri Helgason



Skátasamband Reykjavíkur (SSR) var stofnað 25. nóvember 1963. SSR er, samkvæmt lögum þess, samband allra skátafélaga og annarra starfseininga skáta í Reykjavík, sem viðurkenndar eru af Bandalagi íslenskra skáta.

EFNISYFIRLIT

Innlegg frá formanni	4
Stjórn og nefndir	6
Skátafélögin	7
Skátamót og viðburðir	9
Þjálfun og fræðsla	12
Útilífsskólar	13
Húsnæðismál	15
Skátaland	16
Þakkir	17



KOMIÐ AÐ LEIÐARLOKUM

Innlegg frá formanni

Benedikt Þorgilsson
formaður SSR

Skátastarf er ekkert án hugsjónar og hugmynda allra þeirra ótrúlegu sjálfboðaliða sem leggja nótt við nýtan dag til að bjóða upp á vikulega skátafundi, félagsútilegur, stórmót, foringjaferðir, fjallaferðir, fjarfundi vegna heimsfaraldurs, skapa dagskrá, skrifa greinar og styðja hvert við annað. Það er framlag sveitarfóringja, stjórnarmeðlima, viðburðaskipuleggjanda, mótstjórna, minjanefnda, vinnuhópa og annarra skáta sem skapar þennan vettvang, þar sem skátar fá að blómstra, lenda í ævintýrum, læra að bjarga sér, bindast vinaböndum fyrir lífstíð og efla færni sína á alls konar sviðum.

Allt þetta blómlega starf þarf innviði. Það þarf aðstöðu þar sem öryggi barna og fóringja er í fyrirrúmi, brunavarnir eru til fyrirmyndar, aðgengi er fyrir alla skáta óháð fötlun, gluggakarmarnir

ómyglaðir, klósettið ásættanlega þrífalegt og efni og búnaður í góðu ástandi. Skátaheimilið á að vera bækistöð skátanna í hverfinu; staður sem skátunum finnst þeir eiga hlutdeild í, sem geymir minningar af ógleymanlegum augnablikum og er upphafsstaður allra þeirra ævintýra sem skátarnir lenda í, sama hvert þau kunna svo að leiða þá.

Á þeim þremur árum sem ég hef starfað sem formaður Skátasambands Reykjavíkur höfum við hjá SSR lagt áherslu á að efla þessa grundvallarinnviði skátastarfs. Við höfum fengið Reykjavíkurborg til liðs við okkur og í raun hefur orðið algjör og tímabær viðsnúningur í viðhaldsmálum skátafélaganna. Viðhaldsstyrkir borgarinnar hafa hækkað og sömuleiðis almennir rekstrarstyrkir til félaganna, sem styðja við fagleika í starfi með ráðningu starfsmanna.

Það er þó enn verk að vinna. Það verður að finna framtíðarlausn fyrir skátastarf í Breiðholti, enda uppfyllir skátaheimilið í Tindaseli engan veginn þær kröfur sem skátar, foreldrar og sjálfboðaliðar gera til aðstöðu fyrir nútímaskátastarf. Þetta mál hefur orðið að eilífðarvandamáli, enda átti skátaheimilið einungis að vera bráðabirgðalausn þegar það var tekið í notkun fimm árum fyrir fæðingu mína. Nýtt hverfisSKIPulag er í vinnslu og því bindum við hjá SSR miklar vonir við að nú finnist loksins lóð eða húsnæði sem hentar sem bækistöð þeirra barna

í Breiðholti sem hafa hug á að stunda skátastarf.

Í kjölfar þessara tímamóta sem síðustu ár hafa verið í innviðauppbyggingu í reykvísku skátastarfi eru einnig tímamót í mínu lífi þar sem minni forystu í stjórn SSR er að ljúka. Ég vil þakka öllum þeim fjölmörgu skátum sem ég hef átt farsælt samstarf við á síðustu þremur árum og þá sérstaklega skátasystkinum mínum í stjórn skátasambandsins. Verkefnin hafa bæði verið ærið lærdómsferli fyrir mig og vonandi nýst skátastarfi í Reykjavík.

Við settum nýja stefnu fyrir sambandið, réðumst í umfangsmikil viðhaldsverkefni, seldum Úlfljótsvatn, sköpuðum nýja stöðu til stuðnings skátasveita, Vetrarmótin stækkuðu ár frá ári og við höldum upp á 50 ára afmæli þess að kven- og drengjaskátar sameinuðust undir regnhlíf Skátasambands Reykjavíkur. Þessu öllu er ég ótrúlega stoltur af og þakklátur fyrir aðkomu

ykkar að öllum þessum verkefnum.

Ég þakka fyrir traustið sem skátar í Reykjavík hafa sýnt mér í formennskutíð minni og óska þeim sem nú taka við keflinu velfarnaðar í verkefnum framtíðarinnar. Yfir og út.

Benelífr Pógvilsson



STJÓRN, RÁÐ OG STARFSFÓLK

Stjórn SSR

Benedikt Þorgilsson, *formaður*
Brynja Guðjónsdóttir, *varaformaður*
Baldur Árnason, *gjaldkeri*
Auður Sesselja Gylfadóttir, *ritari*
Eðvald Einar Stefánsson, *meðstj.*
Jóhanna Guðmundsdóttir, *meðstj.*
Sigurbjörg Sæmundsdóttir, *meðstj.*

Skoðunarmenn

Kjörin á aðalfundi til eins árs:
Hanna Guðmundsdóttir, *félagskjörin*
Endurskoðunarskrifstofan *Skattur og bókhald*, lögg. endursk.

Uppstillingarnefnd

Kjörin á aðalfundi til eins árs:
Haukur Haraldsson (formaður)
Daði Björnsson
Þórhallur Helgason

Fastaráð og fulltrúar

Úfljótsvatn sf.

Ögmundur Jónasson

Hafravatnsráð

Guðmundur Þór Pétursson
Ása Jóhannsdóttir

Minjanefnd

Björn Jón Bragason, *formaður*
Sigrún Sigurgestdóttir

Starfsfólk

Fyrir Skátasamband Reykjavíkur starfa tveir starfsmenn í samtals 1,5 stöðugildi.

Verkefnastjóri

Verkefnastjóri SSR er Jón Andri Helgason. Helstu verkefni hans eru að sjá um að framfylgja ákvörðunum stjórnar SSR, samskipti við Reykjavíkurborg, fjármálaumsjón SSR, viðburðastjórnun, umsjón með fasteignum SSR og almenn skrifstofustörf fyrir SSR og skátafélögin í Reykjavík.

Stuðningsmaður skátasveita

Stuðningsmaður skátasveita er Inga Auðbjörg K. Straumland. Helstu verkefni hennar eru að standa fyrir þjálfun, dagskrárgerð og veita almenna ráðgjöf til sveitarfóringja og starfsmanna skátafélaga.

SKÁTAFÉLÖGIN

Árbúar

Hraunbæ 123

Félagsforingi: Þröstur Ríkarðsson

Starfssvæði: Árbær og Grafarholt

Landnemar

Háuhlið 9

Félagsforingi: Arnlaugur Guðmundsson

Starfssvæði: Miðborg og Hlíðar

Garðbúar

Hólmgarði 34

Félagsforingi: Helgi Jónsson

Starfssvæði: Háaleiti-Bústaðir

Segull

Tindaseli 3

Félagsforingi: Guðjón H. Kristinsson

Starfssvæði: Breiðholt

Hafernir

Hraunbergi 12

Félagsforingi: Jens Pétursson

Starfssvæði: Breiðholt

Skjöldungar

Sólheimum 21a

Félagsforingi: Helga Þórey Júlíusdóttir

Starfssvæði: Laugardalur

Hamar/Vogabúar*

Logafold 106

Félagsforingi: Fanný Björk Ástráðsdóttir

Starfssvæði: Grafarvogur og Grafarholt

Ægisbúar

Neshaga 3


Félagsforingi: Tryggvi Bragason

Starfssvæði: Vesturbær og Miðborg


* Skátafélagið Hamar skipti um nafn á árinu og varð Skátafélagið Vogabúar.




Fjöldi skáta í Reykjavík



Fjöldi eftir aldursbilum




Fjöldi skáta eftir aldursbili og félagi



Skráðir skátar
á tímabilinu
1.9. 2019 -
31.8. 2020.

Fjöldi skáta eftir félag, samanburður milli ára



3.


SKÁTAMÓT OG VIÐBURÐIR

Vetrarmót

Reykjavíkurskáta


Vetrarmótið var haldið í sjötta sinn helgina 25.-27. janúar þar sem 167 skátar úr Reykjavík komu saman á Úlfjótssvatni. Að þessu sinni voru Ólympíuleikarnir þema mótsins og dagskráin sniðin að íþróttanda, og innblástur sóttur til vetrarólympíuleika, sumarólympíuleika og Ólympíuleikum til forna. Rekkaskátarnir útbjuggu heitann pott sem þau hituðu upp með eldi og dýfðu þau sér ofan í hann undir stjörnuþjórtum himni á laugardagskvöldinu.

Fjöldi þátttakenda



Myndritið sýnir fjölda þátttakenda á Vetrarmóti frá árinu 2015.

Fjöldi þátttakenda eftir félagi og aldursbili



Myndritið sýnir fjölda þátttakenda frá hverju félagi, skipt eftir aldursbilum



#STUÐKVÍ

Þegar ljóst var að heimsfaraldurinn vegna COVID-19 myndi hafa afgerandi áhrif á skátastarf í Reykjavík, þróaði starfsfólk SSR og BÍS skátadagskrá sem hægt var að vinna á netinu, úti eða inni á heimilum. Dagskráin var í formi 46 verkefna sem spönnuðu allt frá föndri til útivistar. Sérstök þemu voru yfir ákveðin tímabil og innblástur sóttur til skátalaganna og heimsmarkmiða. Verkefnin voru aðgengileg öllum og tók almenningur nokkurn þátt, en dregið var úr potti þeirra sem tóku myndir og settu á samfélagsmiðla með myllumerkinu #STUÐKVÍ. Þátttaka var góð, bæði á Instagram (138 myndir) og Facebook. Átakið stóð frá 16. mars til 30. apríl. Að auki bauð SSR upp á fjölskyldukviss á fjarfundi í nafni stuðkvíarinnar.

Fjölskylduratleikur í Öskjuhlíð á sumardaginn fyrsta

SSR bauð almenningi að taka þátt í Betri tíð - fjölskylduratleik skátanna á sumardaginn fyrsta, þar sem hefðbundin hátíðarhöld féllu niður. Ratleikurinn fór fram í gegnum appið Actionbound og sögupersónan Harpa leiddi þátttakendur í stóran hring um Öskjuhlíðina og lagði fyrir þau þrautir. Ratleiknum var mjög vel tekið af almenningi, en um 170 þátttakendur kláruðu leikinn á 1,5 klst að meðaltali.





17. júní - hverfahátíðir

Þjóðhátíðarnefnd ákvað að breyta fyrirkomulagi á hátíðarhöldum á 17. júní vegna samkomutakmarkana. Hátíðarhöld voru við Austurvöll með óbreyttu sniði þar sem skátar úr Reykjavík stóðu heiðursvörð og

Rs. Incolae Klypeus. Foringjum annarra sveita stóð, og stendur enn, til boða að fá leiðbeiningar um hvernig sé hægt að stýra dagskránni sjálfstætt. Stefnt er á að gefa leikinn út fyrir raunheima vorið 2021.

Dróttin - daðrað við dauðann

Haustið 2020 þróaði SSR nýjan möguleika í dagskrá fyrir drótt-, rekka- og róverskátasveitir sem hægt var að nýta fyrir fjarfund. Dagskráin var í formi morðgátuleiks sem tók um 2 tíma að spila og þjálfaði þátttakendur í rökhusun, samskiptum og leikrænni tjáningu. Leikurinn fór fram á sérstökum Discord-server og komu skátarnir undirbúnir til leiksins, í búningum sem pössuðu við þá persónu sem þeim var úthlutað. Leikurinn var prufukeyrður á

Jóladagatal

Í aðdraganda jóla buðu SSR og BÍS upp á jóladagatal á samfélagsmiðlum í anda stuðkvíarinnar, þar sem eitt verkefni var birt á hverjum degi. Á hverjum föstudegi var svo dregið úr innsendum lausnum og hlutu þátttakendur vinning.

Viðburðir sem féllu niður vegna faraldursins

Fjölmargir fastir liðir, auk nýrra viðburða, féllu niður vegna áhrifa heimsfaraldurs COVID-19. Má þar nefna Landsmót skáta, Ógn að ofan - risaspil, baksturskeppni skáta og fleira.

ÞJÁLFUN OG FRÆÐSLA

Neisti

Neisti var haldinn á vegum Bandalags íslenskra skáta í Hinu húsinu í janúar. Stuðningsmaður skátasveita bauð upp á örnámskeið í leikjavæðingu í skátastarfi fyrir sveitarförlingja.

Atrenna

Atrenna er undirbúningsferli fyrir reykvíska sveitarförlingja. Á árinu 2020 stóð til að bjóða upp á stórtæka ferð fyrir sveitarförlingja til að umbuna þeim fyrir sveitarförlingjastörf og styðja við undirbúning, en það varð ekki úr því vegna heimsfaraldursins. Þess í stað var settur saman undirbúningspakinn *plAtrenna* sem hvert förlingjaráð gat notað til undirbúnings fyrir haustið. Pakinn var ætlaður skátaförlingjum með það að markmiði að hjálpa skátaförlingjum að undirbúa önnina, gefa þeim tæki og tól til að skipuleggja sig fram í tímann, auka veg leikjavæðingar og styrkja þekkingu á tólum eins og lýðræðisleikjum, færnimerkjum og dagskrárhring. Stuðningsmaður lóðsaði ferlið fyrir Ægisbúa en ekki náðist að keyra dagskrána í fleiri félögum sökum veikinda starfsmanns.

Námskeið fyrir sumarstarfsfólk útlífisnámskeiða

SSR stóð, ásamt BÍS, að námskeiðum fyrir sumarstarfsfólk útlífisnámskeiða. Farið var í þætti eins og hlutverk skólastjóra, ábyrgð, öryggi, dagskrárgerð og skyndihjálp.





5.

ÚTILÍFSSKÓLAR

*Þessar vinkonur
skemmtu sér vel
á Útilífsnámskeiði
við Hleiðru.*

Það var tvísýnt á vormánuðum hvort og með hvaða fyrirkomulagi Útilífsskólarnir yrðu þetta árið vegna samkomutakmarkana. Sem betur fór voru tilslakanir í upphafi sumars og innspýting Reykjavíkurborgar með úthlutun fleiri starfsmanna gerði gæfumuninn fyrir skátafélögin. Skátafélögin fá starfsfólk sitt frá Vinnumiðlun ungs fólks og Vinnuskóla Reykjavíkur, sem er grundvallar forsenda fyrir því að Útilífsskólinn sé starfræktur. SSR hefur barist fyrir auknum stöðugildum 18 ára og eldri til að hægt sé að tryggja öryggi og gæði starfsins og bjóða fleiri börnum að sækja Útilífsskólann. Árið 2020 fengu Útilífsskólarnir heimild til að ráða fleiri starfsmenn eldri en 18 ára og að auki sérstaka heimild til að ráða 17 ára starfsmenn vegna COVID-19 faraldursins. Ljóst er þó að þessi aukning þarf að vera


til frambúðar, sérstaklega í ljósi þess að fleiri skátafélög hafa hug á að bjóða upp á Útilífsskóla á næstu sumrum.

Starfsfólk Útilífsskólans sækir starfsmannanámskeið á vegum BÍS þar sem þau læra skyndihjálp, umgengni við börn, barnavernd, rekstur útilífsskóla og fleira gagnlegt.


Félög sem starfræktu Útilífsskóla sumarið 2020:

- Árbúar
- Garðbúar
- Hamar (nú Vogabúar)
- Landnemar
- Skjöldungar
- Ægisbúar

Fjöldi þátttakenda eftir félagi



Heildarfjöldi þátttakenda í Útílífsskóla skáta





HÚSNÆÐISMÁL

Af átta skátaheimilum í Reykjavík, eru sex í eigu Skátasambands Reykjavíkur. Skátafélögin Hafnir og Ægisbúar eru í húsnæði sem Reykjavíkurborg á og er leigusamningur milli SSR og Reykjavíkurborg varðandi húsnæði Ægisbúa og samkomulag milli Hafarna og Reykjavíkurborgar varðandi húsnæði Hafarna. Skátafélögin Landnemar og Segull eiga hlut í sínum skátaheimilum sem er skráður. Viðræður eru í gangi við Reykjavíkurborg um nýtt húsnæði fyrir Segul. Nauðsynlegt er að finna framtíðarlausn fyrir skátafélagið í hverfinu. Með nýju hverfisskipulagi sem hefur verið í vinnslu bindur SSR vonir við að það finnist lóð eða húsnæði í hverfinu sem hentar félaginu.

Viðhald

Viðhaldsmál voru í forgangi árið 2020, enda var lítil starfsemi í skátaheimilum borgarinnar vegna samkomutakmarkana og talsvert tækifæri í því fólgið að hægt var að fá endurgreiðslu á virðisaukaskatti vegna viðhaldsmála. Eftirfarandi verkefni voru umfangsmest á árinu:

- **Landnemar** - Miklar endurbætur voru á salernum í skátaheimili Landnema og hafa nú öll salerni

hússins verið endurnýjuð. Skipt var um stóran hluta af gluggum í skátaheimilinu sem voru komnir á tíma.

- **Garðbúar** - Framkvæmdir í skátaheimili Garðbúa eru á lokametrum eftir miklar endurbætur síðustu þrjú ár. Seldur var byggingarréttur ofan á húsinu og húsnæðið gert fokhelt að innan í kjölfar leka og framkvæmda á efri hæð hússins. Framkvæmdir á vegum kaupanda er loksins lokið og SSR og Garðbúar eru að vinna að lokafrágangi sem á að klárast á fyrri hluta árs 2021.
- Þá hafa einnig verið viðræður milli SSR og Eignarsviðs Reykjavíkurborgar varðandi skátaheimili **Ægisbúa**. Húsnæðið er illa farið að innan eftir leka vegna skorts á viðhaldi á þaki og gluggum. Búið er að skipta um þakið en það á enn eftir að lagfæra glugga og annað - sem þörf er á innanhúss. Eignarsvið borgarinnar hefur óskað eftir að fara í heilmiklar viðhaldsframkvæmdir á húsinu gegn því að Hagaskóli fái að nýta hluta af húsnæðinu á móti. Virkt samtal er á milli SSR og Eignarsviðs varðandi þetta mál.

SKÁTALAND

Árið 2020 var tuttugasta og fyrsta starfsár Skátalands. Í upphafi árs gekk Skátaland frá kaupum á Tjaldaleigu skáta og stækkaði reksturinn talsvert. Þessi fyrirtæki hafa unnið náið saman í gegnum árið og Skátaland rekið Tjaldaleiguna í fjölmörg ár. Nú var komið að því að Skátaland keypti búnaðinn af Bandalagi íslenskra skáta og sameinaði í eina stóra öfluga búnaðarleigu. Með kaupum á Tjaldaleigunni opnast miklir möguleikar, bæði fyrir útleigu á búnaði og eins til að einfalda utanumhald skátafélaganna á stærri búnaði. Sem betur fór slaknaði á samkomutakmörkunum í upphafi sumars og því var hægt að leigja út búnað til leikskóla og einstaklinga en lítið sem ekkert var af fyrirtækjaviðburðum og stórum veislum þetta árið. Ákveðið var að hafa lokað í Skátalandi í þrjár vikur yfir hásumarið til þess að draga úr launakostnaði.



Í lok árs var fjárfest í fjórum nýjum hoppuköstulum frá Kína sem eru væntanlegir til landsins á vormánuðum 2021. Vonandi kemst samfélagið fljótlega á þann stað að aftur verði hægt að halda stærri viðburði og næsta sumar verði með eðlilegra móti en síðasta sumar.

Sumarstarfsfólk

Aðeins einn starfsmaður var ráðinn í sumarstarf hjá Skátalandi 2020. Aron Gauti Sigurðsson var aftur hjá okkur og á meðan sumarlokun stóð vann Aron Gauti á Úlfljótsvatni. Aðrir hlutastarfsmenn sem störfuðu fyrir SSR um sumarið voru: Helena Sif Gunnarsdóttir, Signý Kristín Sigurjónsdóttir, Jón Björn Richardsson Yeo, Herdís Björk Helgadóttir og Rafnar Friðriksson.

ÞAKKIR

Stjórn Skátasambands Reykjavíkur þakkar öllum þeim fjölmörgu skátum sem af áhuga og dugnaði hafa unnið að verkefnum á vegum SSR, bæði í stjórnunarstörfum, störfum í ráðum, nefndum og að öðrum verkefnum á vegum SSR og lagt fram ómælda vinnu og tíma.

Enn fremur þakkar stjórn SSR félagsforingjum og stjórnnum skátafélaganna og öðrum skátum í Reykjavík samstarfið á starfsárinu 2020.

Stjórn SSR færir Menningar-, íþrótt- og tómstundaráði Reykjavíkurborgar og starfsfólki ráðsins, starfsfólki Reykjavíkurborgar og borgarfulltrúum þakkir fyrir góða samvinnu á starfsárinu.

Þá þakkar stjórn SSR sérstaklega þeim hugmyndaríku og útsjónarsömu foringjum sem gerðu sitt besta til að bjóða upp á skátastarf í erfiðum aðstæðum vegna heims-faraldurs. Ykkar framlag, hugmyndir og metnaður er ómetanlegt og þakklátt á flóknum tímum. Takk.

Lagt fram á aðalfundi SSR, 25. mars 2021
Stjórn Skátasambands
Reykjavíkur.





***Skátasamband
Reykjavíkur***